

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 19. júlí 2023  
UST202305-369/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Rangárþing ytra -Hvammur 3**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 31. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvamm 3 í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gengur út á að skilgreina byggingareit sem er um 4,2 ha að stærð þar sem er heimilað verður að byggja allt að 6.000 m<sup>2</sup> vinnubúðir í tengslum við framkvæmdir við Hvammsvirkjun. Einnig kemur fram að byggingar eru að jafnaði á einni hæð en heimilt er að hafa þær að hluta til á tveimur hæðum. Áætlað er að vinnubúðirnar verði um 5 ár á svæðinu. Vinnubúðir, hreinsivirki, plön ofl. skulu fjarlægð eftir því sem við verður komið. Gert er ráð fyrir að því ljúki eigi síðar en tveimur árum eftir að framkvæmdum lýkur.

#### **Þjósárhraun**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að innan svæðisins er Þjósárhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum<sup>1</sup> og svæðið sem tillagan nær til er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.<sup>2</sup> Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fjallað sé um áhrif tillögunnar á hraun og fuglalíf í umhverfismatsskýrslu og tillagan í samræmi við ákvæði laganna.

#### **Landslag**

Umhverfisstofnun leggur til að byggingar verði einungis á einni hæð þar sem landið er tiltölulega flatt og að vinnubúðirnar munu hafa áhrif á landslag.

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

---

<sup>1</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

<sup>2</sup> <https://vistgerdakort.ni.is/>

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir:  
*„Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgangi leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“*

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Rakel Sæmundsdóttir

***sérfræðingur***